



Reykjavík, 18. apríl 2024
MSS24040172

Stafrænt ráð

Tillaga um útfærslu á aðgerð nr. 20 í aðgerðaráætlun lýðræðisstefnu Skólaheimsóknir í Ráðhús Reykjavíkur

Á fundi stýrihóps um mótun tillagna vegna aðgerða í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, þann 18. apríl 2024, var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að Reykjavíkurborg hefji tilraunaverkefni í samræmi við aðgerð nr. 20 í aðgerðaráætlun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar um skólaheimsóknir í Ráðhús Reykjavíkur veturinn 2024 – 2025.

Tillögunni fylgir greinagerð. Lagðar eru til tvær útfærslur vegna aðgerðar nr. 20, útfærsla 1 og útfærsla 2.

Óskað er eftir að tillagan sé lögð fram í stafrænu ráði til kynningar.

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Tillaga ásamt greinagerð



Reykjavík, 18. apríl 2024
MSS24040172

TILLAGA

Tillaga um útfærslu á aðgerð nr. 20 í aðgerðaráætlun Lýðræðisstefnu Skólaheimsóknir í Ráðhús Reykjavíkur

Lagt er til að Reykjavíkurborg hefji tilraunaverkefni í samræmi við aðgerð nr. 20 í aðgerðaráætlun Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar um skólaheimsóknir í Ráðhús Reykjavíkur veturinn 2024 – 2025.

Greinagerð:

Settar eru fram tvær mögulegar útfærslur á verkefninu, útfærsla 1 og útfærsla 2. Tilraunaverkefnið myndi standa yfir veturinn 2024-2025. Nemendum í 9. bekk grunnskóla Reykjavíkur er boðið að koma í Ráðhúsið og þiggja þar bæði fræðslu um borgarstjórn bæði fyrr og nú, skoða húsið, hitta borgarfulltrúa og fá tækifæri til að spyrja þá spjörunum úr. Ekki verði lokað fyrir það að kennarar sem þess óska geti komið með nemendum úr öðrum bekkjum unglingadeildar.

Verkefni:

- gerð kynningarefnis
- kynningarmál gagnvart skólum (samstarf við skóla- og frístundasvið).
- bókunarsíða
- samskipti við kennara
- móttaka hópa
- tryggja mætingu borgarfulltrúa (samstarf við skrifstofu borgarstjórnar). Gert er ráð fyrir þátttöku a.m.k 4 borgarfulltrúa í hvert skipti. Opið skráningarskjal sem þau öll hafa aðgengi að og skrá sig sjálf.
- bókun aðstöðu og veitinga

Kennurum verður send kynning á verkefninu ásamt hlekk á skráningarmöguleika og allar nánari upplýsingar. Mögulegt að útbúa myndband sem væri kynning til kennara og/eða nemenda. Annars/líka pdf og tölvupóstur.

Hvar:

Borgarstjórnarsal. Nemendur hefðu aðstöðu í borgarstjórnarsal á meðan dvöl þeirra í Ráðhúsinu stæði yfir og gætu geymt þar eigur sínar á meðan gengið er um húsið. Þar geta þau hlustað á kynningu auk þess sem þar er hægt að borða hádegismat og þangað geta borgarfulltrúar komið og átt við þau samtal. -2-

Dagskrá:

kl. 10 almenn fræðsla og inngangur/kynning – gengið um húsið.

kl. 12 hádegismatur

kl. 12.30 fundur með borgarfulltrúum í borgarstjórnarsal.

Samtal milli nemenda og borgarfulltrúa verður á því formi að nemendur fá að spyrja að öllu því sem þeim dettur í hug. Lagt er til að kennarar undirbúi nemendur fyrir samtal. Ábyrgð og utnumhald er á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.



Reykjavík



Eftir að tilraunavetrinum lýkur verður metið hvernig til hefur tekist, hvað hefur gengið vel og hvað þarf að bæta.

Settar eru fram 2 mögulegar útfærslur verkefnisins. Síðari útfærslan gerir ráð fyrir umfangsmeiri vinnu við verkefnið sem fælist í meiri vefumsjón og námsefnisgerð og að nemendur komi í hverri viku í Ráðhúsið.

Útfærsla 1

Hvenær:

Annar hvern fimmtudag (eða þriðjudag þegar borgarstjórn er ekki) frá september – nóvember og frá janúar - maí eða 8 mánuði yfir veturinn, samtals 16 skipti.

Fjöldi:

Að hámarki yrði tekið á móti 25/30 nemendum í hvert sinn. Yfir veturinn yrði tekið á móti 400-480 nemendum. Nemendafjöldi í 9.bekk grunnskóla Reykjavíkur er um 1.600 nemendur.

Kostnaður:

Veitingar fyrir 400-480 nemendur yfir veturinn. Samloka og djús kostar 2.500 kr. á mann.

Samtals kostnaður: kr. 1.200.000

Kostnaður vegna útfærslu 1 rúmast innan ramma mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Útfærsla 2

Stærri verkefni – meiri þjónusta við nemendur og kennara og heimsóknir í hverri viku.

Hvenær:

Alla fimmtudaga frá september – nóvember og frá janúar - maí eða 8 mánuði yfir veturinn, samtals 32 skipti.

Hvernig:

Gera vef fyrir verkefnið(reykjavik.is/skólaheimsoknir) sem myndi innihalda námsefni, kveikjur/umræðupunkta, verkefni sem væru stuðningur við kennara bæði fyrir og eftir heimsóknina Kennurum nemenda í 9. bekk grunnskóla Reykjavíkurborgar yrði send kynning á verkefninu ásamt hlekk á skráningarmöguleika og allar nánari upplýsingar. Erla Stefánsdóttir (SFS/Mixtúra) er tilbúin að útbúa myndband sem væri kynning til kennara og/eða nemenda. Annars pdf og tölvupóstur.

Fjöldi:

Tekið á móti 25/30 nemendum í hvert sinn. Yfir veturinn yrði tekið á móti 800-960 nemendum. Nemendafjöldi í 9.bekk grunnskóla Reykjavíkur er um 1.600 nemendur.

Kostnaður:

Veitingar fyrir 800-960 nemendur yfir veturinn. Samloka og djús kostar 2.500 kr. á mann. kr. 2.400.000.

Starfsmaður í 50% stöðugildi sem hannaði vef og sæi alfarið um undirbúning og komu nemenda. 5 milljónir á ársgrundvelli.

Samtals kostnaður: kr 7.400.000

Kostnaður vegna útfærslu 2 rúmast ekki innan ramma mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og þarfnast frekari fjármögnunar.



Reykjavík